



ORKUSTOFNUN

RANNSÓKNASVIÐ - Reykjavík, Akureyri

Nesjavellir, hola NJ-22

**3. áfangi: Borun vinnsluhluta
frá 800 í 1805 m dýpi**



**Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Guðmundsson,
Guðlaugur Hermannsson, Hjalti Franzson, Kjartan
Birgisson, Ómar Sigurðsson, Sigurður Sveinn Jónsson,
Sigvaldi Thordarson og Steinar Þór Guðlaugsson**

Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur

2000

OS-2000/069



Skýrsla nr: OS-2000/069	Dags: Desember 2000	Dreifing: <input checked="" type="checkbox"/> Opín <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: NESJAVELLIR, HOLA NJ-22 3. áfangi: Borun vinnsluhluta frá 800 í 1805 m dýpi	Upplag: 45	
	Fjöldi síðna: 50	
Höfundar: Ásgrímur Guðmundsson, Bjarni Guðmundsson, Guðlaugur Hermannsson, Hjalti Franszon, Kjartan Birgisson, Ómar Sigurðsson, Sigurður Sveinn Jónsson, Sigvaldi Thordarson, Steinar Þór Guðlaugsson	Verkefnisstjóri: Benedikt Steingrímsson	
Gerð skýrslu / Verkstig: Áfangaskýrsla, 3. áfangi borverks	Verknúmer: 8-630003	
Unnið fyrir: Orkuveitu Reykjavíkur		
Samvinnuaðilar:		
Útdráttur: Í skýrslunni er lýst borun þriðja áfanga holu NJ-22 á Nesjavöllum, þ.e. borun vinnsluhluta, og þeim gögnum sem safnað var í þessum áfanga. Holan, sem var boruð með Jötni, er uppi á stallinum sunnan Nesjavalladals um 69 m frá NJ-21. Hún er skáhol og er lárétt hliðrun um 675 m í stefnu 173,5°, sem er í samræmi við áætlun. Borun þessa áfanga hófst 16. sept. á 56. verkdegi og verklok voru 10. okt. á 80. verkdegi. Borað var með 8 1/2" krónu og er bordýpi holunnar 1805 m en raundýpi um 1665 m. Jarðlög og ummyndun voru greind eftir svarfsýnum samhliða borun, en algjört skoltap varð í 1140 m dýpi og fengust því engin svarfsýni þar fyrir neðan. Hefðbundnar borholumælingar voru einnig gerðar eins og venja er, s.s. á upphitun, holuvídd, jarðlögum og steypugæðum, auk mælinga á halla og stefnu. Jarðlög á þessu dýptarbili í holunni eru einkum móberg og hraunlagamyndanir, og innskot eru nokkuð algeng. Ummyndun er nokkuð breytileg. Allnokkrar vatnsæðar fundust, þær öflugustu á 1140-50, 1360 og 1760 m dýpi. Borverkið var unnið af Jarðborunum hf. samkvæmt verksamningi við Orkuveitu Reykjavíkur, en rannsóknarhlutinn af Rannsóknasviði Orkustofnunar samkvæmt samningi þar um.		
Lykilorð: Nesjavellir, háhitasvæði, borhola, skáborun, jarðlög, ummyndun, vatnsæðar	ISBN-númer:	
	Undirskrift verkefnisstjóra: <i>B. IZ Ben JH</i>	
	Yfirfarið af: BS	



ORKUSTOFNUN
Rannsóknasvið

Verknr. 8-630003

Ásgrímur Guðmundsson
Bjarni Guðmundsson
Guðlaugur Hermannsson
Hjalti Franzson
Kjartan Birgisson
Ómar Sigurðsson
Sigurður Sveinn Jónsson
Sigvaldi Thordarson
Steinar Þór Guðlaugsson

NESJAVELLIR, HOLA NJ-22

3. áfangi: Borun vinnsluhluta frá 800 í 1805 m dýpi

Unnið fyrir Orkuveitu Reykjavíkur

OS-2000/069

Desember 2000

ORKUSTOFNUN - RANNSÓKNASVIÐ

Reykjavík: Grensásvegi 9, 108 Rvk. - Sími 569 6000 - Fax 568 8896

Akureyri: Glerárgötu 36, 600 Ak. - Sími 463 0957 - Fax 463 0998

Netfang: os@os.is - Veffang: <http://www.os.is>

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	5
2. BORSAGA	5
2.1. Ágrip borsögu.....	5
2.2. Skoltap og breytingar á dæluþrýstingi	8
2.3. Festa í 1523 m djúpri holu.....	13
3. JARÐFRÆÐI, UMMYNDUN OG VATNSÆÐAR.....	15
3.1. Jarðlagaskipan	15
3.2. Ummyndun.....	18
3.3. Vatnsæðar.....	18
4. BORHOLUMÆLINGAR.....	19
5. ÞREPAPRÓFUN.....	27
6. HEIMILDIR	31
VIÐAUKI 1	32
VIÐAUKI 2.....	34

TÖFLUR

Tafla 1. <i>Gangur borunar vinnsluhluta holu NJ-22 með 8½" krónu.</i>	7
Tafla 2. <i>Mælingar á skoli í 3. áfanga boruna NJ-22.</i>	9
Tafla 3. <i>Fóðringarskýrsla Jarðborana hf. í þriðja áfanga.</i>	11
Tafla 4. <i>Gýrósmælingar í borun.</i>	14
Tafla 5. <i>Yfirlit borholumælinga.</i>	20
Tafla 6. <i>Samfelldar gýrósmælingar með G2 mæli. Færsla eftir sniði er reiknuð eftir línu sem stefnir 180° frá N.</i>	32

MYNDIR

Mynd 1. <i>Framkvæmd borunar þriðja áfanga holu NJ-22.</i>	6
Mynd 2. <i>Dæluþrýstingur í borun frá 980–1300 m dýpis.</i>	9
Mynd 3. <i>Mælingar í borun í tengslum við festu í 1523 m dýpi. Sjá texta til frekari skýringar.</i>	10
Mynd 4. <i>Jarðlög, vatnsæðar, borhraði og mælingar í borun.</i>	16
Mynd 5. <i>Hitamælingar þann 18. sept., fyrir niðursetningu bormótors.</i>	19
Mynd 6. <i>Lega holu NV-22 skv. G2-gýrósmælingum. Neðsta mæligildi er framlengt til 1800 m dýpis.</i>	21
Mynd 7. <i>Hitamælingar í stöngum 25. sept. 2000, fyrir losun.</i>	22
Mynd 8. <i>Hitamælingar eftir losun borstrengs.</i>	22
Mynd 9. <i>Þrýstimælingar eftir losun borstrengs.</i>	22
Mynd 10. <i>Þrýstijöfnun á 790 m dýpi, mælt 1. október eftir losun borstrengs.</i>	22
Mynd 11. <i>Hitamælingar í stöngum 5. október þegar bordýpi var 1805 m.</i>	22
Mynd 12. <i>Jarðlagamælingar.</i>	22
Mynd 13. <i>Þrýstimælingar með dýpi fyrir þrepaprófun.</i>	22
Mynd 14. <i>Hitamælingar fyrir og eftir þrepaprófun.</i>	22
Mynd 15. <i>Gangur þrepaprófunar, ádæling, hiti og þrýstingur.</i>	22
Mynd 16. <i>Þrýstingur í þrepaprófun á 1530 m dýpi.</i>	22
Mynd 17. <i>Þrýstingsbreyting í þrepaprófun á 1530 m dýpi.</i>	22
Mynd 18. <i>Einingarþrýstingur við breytilega ádælingu í þrepaprófun á 1530 m dýpi.</i>	22

1. INNGANGUR

Hola NJ-22 er um 69 m norð-norðaustur frá NJ-21 og eru hnit hennar $X=659863,51$ og $Y = 403432,50$ en hæð borplans holu NJ-22 er í u.þ.b. 305 m y.s. Holan hefur staðarnúmer 95022 í gagnagrunni Orkustofnunar.

Í skýrslunni er fyrst fjallað um borverkið, þá er fjallað um jarðlög, ummyndun og vatnsæðar, borholumælingar í þessum boráfangi, og að síðustu er fjallað um þrepaprófun holunnar eftir að raufuðum leiðara hafði verið komið fyrir. Í viðauka 1 í skýrslunni eru niðurstöður úr samfelldri gýrósmælingu (G2) sýndar, og í viðauka 2 fylgja allar dagskýrslur, sem útbúnar voru meðan á borun holunnar stóð, og er þar lýst nánar því sem gerðist í þessum boráfangi.

Fjarlægð frá kjallarabrún að efri brún drifborðs Jötuns er 6,87 m og eru allar dýptartölur í skýrslunni miðaðar við drifborð, eins og venja er, nema annað sé tekið fram.


Verkið er unnið samkvæmt samningi Orkuveitu Reykjavíkur og Rannsóknasviðs Orkustofnunar dagsettu 12. maí 2000. Verklýsingar voru unnar af Rannsóknasviði Orkustofnunar (BS/HF/KS/SP-00/01) og Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns.

2. BORSAGA

2.1. Ágrip borsögu

Nokkuð langt hlé varð í kjölfar annars áfangs borunar NJ-22 og þess þriðja, þar sem skipt var um aflvélar á bornum. Sá síðarnefndi hófst á 56. verkdegi (16. sept. 2000) og lauk á 80. verkdegi (10. okt. 2000). Helstu atriði áfangans eru sýnd á mynd 1. Borstrengur með krónu var geymdur í holu meðan á vélaskiptum stóð, og náði strengurinn niður í 650 m dýpi. Holan var því í upphafi áfangans kæld með hringdælingu og síðan borað út steypuhrafl frá 650 niður í 730 m, en þar var komið í hreina steypu. Í 753 m dýpi kom fram bilun í spili og stöðvaðist borun um hálfan sólarhring, en síðan var lokið við að bora út steypu í 795 m dýpi. Að því loknu var strengur tekinn úr holu, og álagsstengur sprungumældar. Hitamælt var í opinni holu og síðan raðað saman streng þar sem í var bormótor. Í strengnum, auk borstanga voru alls 11 álagsstangir (7¼"), ein ósegulmögnuð álagsstöng, 4 söbbar, 2 stýringar, hnykkir og lykilholurýmari og svo bormótor og 8½" króna. Uppröðun strengsins tók mið af því að holan héldi sama halla og stefnu.

Hitamæling í opinni holu (mynd 5) sýndi, að hún hitnaði það hratt upp innan fóðringar að mjólka þurfti strenginn niður neðan um 500 m dýpis, þ.e. að hringdælt var í gegnum strenginn við hverja stöng sem bætt var við til að halda krónunni og bormótornum kældum.



Mynd 1. Framkvæmd borunar þriðja áfanga holu NJ-22.

Borun í berg hófst um klukkan 17 á 59. verkdegi (19.09). Álag var haft um 15-20 þús. pund, og boraðist hratt með því álagi eins og sýnt er í töflu 1. Tók það um 15-20 mínútur að bora hverja stöng, og var skolað í kjölfarið í 40–45 mínútur til að kæla holuna og koma svarfinu í brott frá holunni. Dælingu var haldið í um 38-40 l/s í borun. Þar sem engin stefnumælingatæki (MWD) voru í borstrengnum var borun stöðvuð með reglulegu millibili og gýrómælt, og eru þær mælingar sýndar í töflu 4.

Tafla 1. Gangur borunar vinnsluhluta holu NJ-22 með 8½" krónu.

Borkróna (Fráml.no./Gerð)	Dagsetn.	Borun (m)	Bortími (klst)	Meðalbor- hraði. (m/klst)	Tími á krónu (klst)	Dýpi (m)	Boraðferð
8 1/2"							
EHP 61-ALK/MB-6372						800	Rótaríborun steypu
EHP -61-ALK/MB-6372	19 09 00	55	3	18,3	3	855	Mótorborun
- " -	20 09 00	200	10	20,0	13	1055	
- " -	21 09 00	162	9	18,0	22	1217	
- " -	22 09 00	211	11	19,2	38	1428	
- " -	23 09 00	95	5	19,0	43	1523	
EPH-61-KHD/XL-5686							Mótorborun
- " -	02 10 00	105	7	15,0	7	1628	
- " -	3 10 00	127	11	11,5	20	1755	
- " -	4 10 00	50	5	10,0	25	1805	
Heild		1005	61	16,5			

Í 1523 m dýpi (23.09. á 63. verkdegi) festist borstrengurinn meðan á gýrómælingu stóð, og er festu- og losunaraðgerðum sérstaklega lýst hér að neðan. Áður en borun hófst á ný var holan hitamæld og þræpað til að kanna vatnsæðar og meta ástand holunnar. Hitamælingin sýndi innstreymi efri æða niður í æð neðan 1500 m dýpis (sjá kafla 4).

Borun hófst aftur 2. október, á 72. verkdegi. Álag var breytilegt eða frá 5-20 þús. pund, snúningur strengs um 40 sn/mín auk síðan snúnings bormótors neðst í strengnum. Hætt var við frekari gýrómælingar neðan 1500 m vegna hættu á festu. Borun var stöðvuð í 1616 og 1709 m dýpi og strengur hífður upp fyrir neðstu þekktu æð í um 1500 m dýpi, skolað og athugað botnfall og holan síðan rýmd þar neðan við.

Borun var stöðvuð í 1805 m dýpi, enda voru komnar ákveðnar vísbendingar um góðar vatnsæðar nærri botni holunnar. Áður en endanleg ákvörðun um að hætta borun var tekin, var strengur hífður úr holu (vegna festuhættu) og borstangir settar niður í staðinn, og hitamælt til að staðfesta vatnsæðar neðan 1500 m dýpis. Mælingin sýndi að æðar koma fram allt niður á 1770 m dýpi (sbr. kafla 3.3 og 4), og var þá talið að þeim tilgangi borunarinnar að kanna dýpri vatnsæðar í jarðhitakerfinu væri náð, og því endanleg ákvörðun tekin um stöðvun borunar.

Næst á dagskrá var samfelld nákvæm gýrómæling í stöngum til að kortleggja halla og stefnu holunnar, og eru niðurstöður settar fram á mynd 6 og í viðauka 1. Þar kom meðal annars fram að lárétt hliðrun holunnar er 660,8 m í stefnu 173,5° frá holutoppi, og að raundýpi holunnar er 1590,4 m. Að þessum mælingum loknum voru borstangir teknar úr holu og holan jarðlagamæld og er þeim mælingum gerð skil í kafla 4. Þá var 7"

raufuðum leiðara komið fyrir í holunni, og er honum lýst í töflu 3. Þrepadæling var gerð í kjölfarið og er gerð grein fyrir henni og niðurstöðum hennar í kafla 5.


Ákveðið var að halda áfram að dæla köldu vatni á holuna meðan vatnsveitan á borstað var í gangi í þeirri viðleitni að auka enn vatnsgæfni holunnar. Var það gert í einn dag, en hætt var dælingu er á kvöldið leið þar sem bormenn voru ekki lengur á vöktum og engin dæluvakt til staðar. Næsta morgun kom í ljós að holan var komin með þrýsting á holutopp. Var þar með að fullu ljóst að æðarar ofan um 1300 m dýpis voru komnar í öfluga suðu og höfðu náð að sjóða sig upp til yfirborðs. Var frekari ádælingu því hætt og holu endanlega lokað.

2.2. Skoltap og breytingar á dæluþrýstingi


Bormenn skráðu á 4 klst. fresti dæluþrýsting, dælingu, skoltap og hita skols í og úr holu, og eru þær upplýsingar sýndar í töflu 2 og eru einnig að hluta til sýndar á mynd 4. Neðan um 1300 m dýpis var stuðst við gögn sem söfnuðust í “Easy View” söfnunarforritinu. Eins og sjá má í töflu 2 þá reyndist skoltap innan við 4 l/s niður fyrir 1000 m dýpi. Í skoltapsmælingu á 1050 m dýpi mældist rúmlega 10 l/s skoltap og jókst það jafnt of þétt á næstu þremur stöngunum. Er líklegt að skoltapið sé í tengslum við æð á um 1045 og 1075 m dýpi. Annað skoltap kom þegar holan var orðin 1140 m djúp, og kom ekkert svarf til yfirborðs eftir það. Reynt var að nema aukna vatnslekt með því að fylgjast með breytingum á dæluþrýstingi, eins og sýnt er á mynd 2. Dæluþrýstingur hækkar með auknu dýpi í holu, og veldur því aukið rennslisviðnám í sífellu lengri borstreng. Ef dæluþrýstingur lækkar (við óbreytta dælingu) merkir það að vatnsborð hefur lækkað, þ.e að nýjar æðar hafa verið skornar eða að eldri æðar sem fyrir eru hafa opnast betur. Á mynd 2 má sjá að um 20 bar munar á væntanlegum þrýstingi í “þéttri holu” á 1300 m dýpi og þeim þrýstingi sem mældur var í borun. Það bendir til að vatnsborð gæti legið á um 200 m dýpi. Á myndinni má einnig greina að þrýstingur virðist lækka í þrepum, og bendir það sennilega til nýrra æða eða aukinnar lektar efri vatnsæða. Samkvæmt gögnum í “Easy View” forritinu kom fram lækkun í dæluþrýstingi á um 1714 m dýpi, sem benti til enn frekari 50–60 m lækkunar vatnsborðs vegna aukinnar vatnslektar. Nýjar og/eða aukin vatnslekt í æðum neðst í holunni stjórna vatnsborði að miklum hluta, og það veldur því að efri vatnsæðar taka að streyma inn í holuna, og því meir sem gæfni neðri vatnsæða eykst. Tilkoma æða neðan 1700 m varð þess valdandi að innstreymi úr æðum ofar í holunni jókst enn og olli auknu gasi upp úr holunni. Aukið gas í holunni merkti líklega að æðarnar, sem streymdu inn í holuna, væru sjóðandi.

Tafla 2. Mælingar á skoli í 3. áfanga boruna NJ-22.

Dagsetning	Kl.	Dýpi m	Þrýstingur PSI	Dæla 1		Dæla 2		Dæll. alls l/s	Tap		Skol- hraði m/min	Tími frá botni min	Svarf m/min	TFB min	Hiti niður °C	Hiti upp °C	Hita- munur °C
				slög	l/s	slög	l/s		Cm	l/s							
19 09 2000	22:00	846	650	80	14,82	105	19,46	34,28	10	2,95	80,54	10,50	75,54	11,20	9,2	18,8	9,6
20 09 2000	02:00	871	770	92	17,05	92	17,05	34,10	12	3,54	78,55	11,09	73,55	11,84	9,1	18,5	9,4
20 09 2000	06:00	902	850	100	18,53	100	18,53	37,06	12	3,54	86,17	10,47	81,17	11,11	9,0	16,9	7,9
20 09 2000	10:30	950	760	100	18,53	106	19,64	38,17	8	2,36	92,06	10,32	87,06	10,91	11,4	19,7	8,3
20 09 2000	14:30	974	760	98	18,16	98	18,16	36,32	13	3,84	83,51	11,66	78,51	12,41	11,9	23,4	11,5
20 09 2000	18:00	1007	750	97	17,97	99	18,34	36,32	14	4,13	82,75	12,17	77,75	12,95	11,0	19,3	8,3
20 09 2000	23:00	1050	770	99	18,34	99	18,34	36,69	36	10,62	67,02	15,67	62,02	16,93	9,7	16,9	7,2
21 09 2000	02:00	1074	740	99	18,34	127	23,53	41,88	82	24,19	45,47	23,62	40,47	26,54	9,2	14,5	5,3
21 09 2000	06:30	1122	830	99	18,34	112	20,75	39,10	72	21,24	45,91	24,44	40,91	27,43	8,9	13,3	4,4
21 09 2000	08:55	1140	846	100	18,53	100	18,53	37,06	>	>40							
21 09 2000	10:00	1145	730	104	19,27	101	18,72	37,99	>	>40							
21 09 2000	14:00	1162	802	100	18,53	97	17,97	36,50	>	>40							
21 09 2000	18:24	1184	847	103	19,09	99	18,34	37,43	>	>40							
21 09 2000	23:30	1217	690	109	20,20	96	17,79	37,99	>	>40							
22 09 2000	02:00	1236	586	97	17,97	100	18,53	36,50	>	>40							
22 09 2000	06:00	1274	650	104	19,27	102	18,90	38,17	>	>40							




Mynd 2. Dæluþrýstingur í borun frá 980–1300 m dýpis.



Mynd 3. Mælingar í borun í tengslum við festu í 1523 m dýpi. Sjá texta til frekari skýringar.

Tafla 3. Fóðringarskýrsla Jarðborana hf. í þriðja áfanga.

	FÓÐRUNARSKÝRSLA	Eyðublað nr. 68-051
JARÐBORANIR HF		

Verk nr. 42675	Hola nr. NJ - 22	Borstaður Nesjavellir	Bor Jötunn	Verkkaupi Orkuveita Reykjavíkur
Vidd holu 8 1/2"	Dýpt holu mv. drífborð 1805	Fóðring nr. 4	Fóðrun framkv. dags. 6.10 - 7.10.2000	Útfyllt af: K.S.

Holudýpi frá flangsi				Fóðringard. frá fl.				Röretalning							
Gerð		K - 55 þyngd		26 lbs/ft				LENGD		NR		MS		ALLS m	
Utanmál		7"		Innanmál		159.4 mm		Upphengi		er í				753.24	
Veggþykkt		9.2 mm		Þöntunar nr.				0.85		Hengi				754.09	
Tengi		Skrúfuð Buttress						13.47		1		H		767.56	
Flangs		Fóðring hangir í burns upphengi í 753,24m frá flangs.						13.58		2		H		781.14	
Stungutengi								13.72		3		H		794.86	
Skór		Stýriskór						12.98		4		R		807.84	
Miðjustillar		stk		Steyputappar		stk		13.21		5		R		821.05	
Steypa 1 þurrefni		kg		Tafefni		kg		13.15		6		R		834.20	
Eðlisþyngd		kg/l		Steypingartími		min		13.19		7		R		847.39	
Steyputæki								13.46		8		R		860.85	
Steypa kom upp ?				Eðlisþyngd steypu upp		kg/l		13.05		9		R		873.90	
Eftirdæling		ltr		Eftirdæling		min		12.73		10		R		886.63	
Steypa 2 þurrefni		kg						13.22		11		R		899.85	
								12.52		12		R		912.37	
Dýpi á steypu utan röra		m		Steypt utan með eftir		klst		13.28		13		R		925.65	
Steypa þurrefni		kg		Skorið ofan af eftir		klst		13.11		14		R		938.76	
Dýpi á steypu í röri		m		Steypa boruð eftir		klst		13.01		15		R		951.77	
								12.66		16		R		964.43	
								13.36		17		R		977.79	
								13.07		18		R		990.86	
								13.17		19		R		1004.03	
								13.16		20		R		1017.19	
								13.07		21		R		1030.26	
								13.49		22		R		1043.75	
Rörum var slakað niður í botn 1802m miðað við rótary borð, þeim var svo sleppt 10m ofar.								13.30		23		R		1057.05	
Botnfall 3m.								13.23		24		R		1070.28	
								13.38		25		R		1083.66	
								13.28		26		R		1096.94	
								13.10		27		R		1110.04	
								13.35		28		R		1123.39	

Tafla 3. Frh.

	FÓÐRUNARSKÝRSLA	Framhaldseyðublað nr. 68-051
JARÐBORANIR HF		

Verk nr. 42675	Hola nr. NJ - 22	Borstaður Nesjavellir	Fóðring nr. 4	Blaðsíða nr. 2
-------------------	---------------------	--------------------------	------------------	-------------------

RÖRATALNING				RÖRATALNING				RÖRATALNING			
LENGD	NR.	MS	ALLS m	LENGD	NR.	MS	ALLS m	LENGD	NR.	MS	ALLS m
12.92	29	R	1,136.31	13.51	61	R	1,554.03				
13.15	30	R	1,149.46	13.63	62	R	1,567.66				
13.23	31	R	1,162.69	13.49	63	R	1,581.15				
13.25	32	R	1,175.94	13.42	64	R	1,594.57				
13.22	33	R	1,189.16	12.88	65	R	1,607.45				
12.99	34	R	1,202.15	13.34	66	R	1,620.79				
13.38	35	R	1,215.53	13.90	67	R	1,634.69				
12.58	36	R	1,228.11	13.90	68	R	1,648.59				
13.43	37	R	1,241.54	13.43	69	R	1,662.02				
13.22	38	R	1,254.76	13.80	70	R	1,675.82				
13.62	39	R	1,268.38	13.71	71	R	1,689.53				
13.33	40	R	1,281.71	13.62	72	R	1,703.15				
13.55	41	R	1,295.26	13.47	73	R	1,716.62				
13.06	42	R	1,308.32	13.44	74	R	1,730.06				
13.34	43	R	1,321.66	13.43	75	R	1,743.49				
13.15	44	R	1,334.81	13.25	76	R	1,756.74				
13.22	45	R	1,348.03	13.48	77	R	1,770.22				
13.18	46	R	1,361.21	13.80	78	R	1,784.02				
13.09	47	R	1,374.30	0.45	Skór		1,784.47				
13.35	48	R	1,387.65								
12.78	49	R	1,400.43								
13.20	50	R	1,413.63								
10.74	51	R	1,424.37								
13.14	52	R	1,437.51								
12.98	53	R	1,450.49								
13.29	54	R	1,463.78								
12.84	55	R	1,476.62								
10.57	56	R	1,487.19								
13.23	57	R	1,500.42								
13.36	58	R	1,513.78								
13.52	59	R	1,527.30								
13.22	60	R	1,540.52								

2.3. Festa í 1523 m djúpri holu

Í borun holunnar var áætlað að gera gýrósmælingar á um 100–200 m bili í holunni meðan á borun stóð. Ákvörðun um mælingar voru teknar af stefnuborurum, og réðst að hluta til af því hvort grunur léki á að holan skrikaði útaf markaðri stefnu. Ein slík mæling var gerð þegar holan var orðin 1523 m djúp. Á mynd 3 er sýnd dæling (mælt í slögum þar sem 1 slag er 0,19 l/s), breyting í dæluþrýstingi og snúningur á "borstreng". Aðgerðir við gýrósmælingu hófust klukkan 10:30 þann 23. september, og var króna hífð upp í um 1512 m dýpi. Dælingu í gegnum streng var stöðvuð, mælitæki komið þar fyrir, 17 l/s dælingu komið á í strengnum á ný, í gegnum "poorboy". Þegar mælir var kominn í sitt sæti á 1494 m dýpi var dæling stöðvuð, mæling gerð, en vegna óvissu í mælingu var hún síðan endurtekin litlu seinna. Eftir því var tekið, að fljótlega eftir að mælir var á leið niður strenginn, að vatn sprautaðist upp í gegnum þéttingu á "poorboy", en það benti til stíflu, enda búist við að vatnsborð í holunni utan strengsins væri vel neðan við 200 m dýpi. Þetta voru, eftir á að hyggja, fyrstu vísbendingar um festuna og að vatnið, sem dælt var niður strenginn, komst illa inn í æðar í holunni. Á mynd 3 sést greinilega þrýstingshækkun í 17 l/s dælingu á þessum tíma. Eftir að gýrósmælingu lauk og tækin komin til yfirborðs var kelly á ný tengt við borstrenginn og kom þá í ljós að strengurinn var fastur. Dæluþrýstingur jókst um rúm 20 bör frá því sem áður hafði verið í skolun fyrir mælingu. Þetta þótti nokkuð óræk vísbending um að fallið hefði að strengnum og stíflað vatnsrennsli frá krónu að æðum ofar í holunni. Þrýstingur féll þó smám saman niður um ein 15 bar eftir um 2 klst dælingu, sem benti annað hvort til að æð neðan við hrúnið væri að opnast, eða að vatnið ætti greiðari leið upp í gegnum hrunkaflann.

Losunaraðgerðir fólu í sér að toga í strenginn með um 300.000 punda togi og með áslætti hnykkis (jars) upp á við, en einnig var hnykkirinn notaður til að lemja niður á við. Snúið var upp á strenginn með ýmsum hætti, eins og mynd 3 ber með sér, og dæling í gegnum streng breytileg. Sápu var dælt niður í tvígang til að reyna að smyrja hrúnefnið og losa um það. Eingöngu var dælt í gegnum strenginn, allt þar til hitamæling var gerð daginn eftir. Losunaraðgerðir bentu til að strengurinn væri ekki kolfastur því unnt reyndist að hamra strenginn upp um eina 9 m og hamra hann síðan niður á ný sömu vegalengd. Þessar aðgerðir leiddu þó til þess að strengurinn virtist festast enn meir. Ekki bætti úr skák að svo kom að hnykkirinn hætti að slá upp á við, en hélt áfram að slá niður. Dæluþrýstingur virtist vera nokkuð breytilegur, og eitthvað tengjast hreyfingu strengsins, en það benti annað hvort til að lekt væri breytileg í gegnum misþjappað hrúnið, eða að vatnsæð væri staðsett innan hrunkaflans og væri misopin eftir því hvernig hrúnið lægi upp að henni.

Um hádegisbil næsta dag var ákveðið að hitamæla innan í strengnum til að kanna ástand holunnar, bæði hitalega séð, og einnig hvort sjá mætti af mælingunni hvernig festu-aðstæður væru. Í fyrstu mælingu var engin dæling höfð á holuna, og er sú mæling sýnd á mynd 7 þar sem allar mælingar frá 25. september eru settar fram. Mjög áberandi hitalækkun kemur fram á 439 m dýpi sem ekki er unnt að túlka á annan hátt en að þar sé vatnsborð í holunni. Mögulegt er að annað "eldra" vatnsborð sé á um 370 m dýpi. Þetta óvenju djúpa vatnsborð benti til að sú dæling sem fór í holuna í gegnum borstrenginn hefði horfið að mestu leyti í æð sem staðsett væri neðan festunnar. Í þessari hitamælingu komst mælir ekki dýpra en í um 840 m en þá var hiti kominn í um 150°C, vegna vatnsæða sem þar streymdu inn í holuna. 43 l/s utanádæling var þá sett á holuna og

komst þá mælir niður í um 1490 m dýpi innan í strengnum. Hitamælingarnar sýna að vatnið í utanádælingunni fer út í bergið á um 1360 m dýpi (mynd 7). Þar neðan við hitnaði holan óreglulega og komu fram tveir hitatoppar á um 1420 og 1455 m dýpi. Voru þeir toppar túlkaðir sem hrunstaðirnir í holunni. Einnig sýndi utanádælingin að ekkert vatn fór niður fyrir það dýpi, sem benti til að ekkert vatn læki í gegnum hrunkaflana og niður í ætlaða æð í botni holunnar.

Ákvörðun var tekin um að kalla til sérfræðing í losun festu. Rétt áður en hann mætti á staðinn var gerð síðasta tilraun "heimamanna" í að rífa strenginn lausan. Var togað í hann með um 350 þúsund pundum. Brá nú svo við að strengurinn tók að mjakast upp á við. Þegar búið var að mjaka honum upp sem samsvaraði rúmlega þremur borstöngum, losnaði hann með miklu brambolti. Þegar strengurinn var kominn langleiðina upp kom í ljós að hann hafði slitnað um 180 m frá borkrónu, og var kollalengjan eftir með þeim tólum sem í honum var, ásamt 5 borstöngum. Athugun á þeirri borstangarlengju sem upp kom, leiddi í ljós að strengurinn hafði slitnað í tengiboxi stangar, en einnig það að nokkrar stangir í viðbót höfðu sams konar skemmdir. Þóttu stangarskemmdirnar þess eðlis að ekki væri unnt að treysta öðrum hlutum stangarlengjunnar án undanfarandi skoðunar. Voru til þeirrar skoðunar fengnir erlendir sérfræðingar. Voru allar borstangir Jötuns fluttar í skemmu í bænum og þær yfirfarnar með til þess gerðum tækjum, og er þessi aðgerð ekki tíunduð frekar hér. Er stangarlengjan var komin aftur til Nesjavalla var tekið til við að setja saman streng þar sem í var neðst hulsa (overshot), en síðan hnykkir, tengistykki, þrjár álagsstangir, tengistykki og síðan borstangir. Efri endi á fiskinum fannst á 1300 m dýpi, og tókst auðveldlega að tengjast honum og með togi og hnykkjum að losa hann og færa til yfirborðs.

Í þeim eftirmála sem af festunni leiddi voru tvö atriði, sem erfitt reyndist að fá botn í: Það fyrri voru þær augljósu skemmdir sem strengurinn hafði orðið fyrir, og þóttu þær með nokkrum ólíkindum þar sem borstangirnir voru lítið notaðar. Skemmdirnar höfðu eingöngu orðið í tengiboxum stanganna. Einnig kom mjög á óvart að í lok borunar holunnar komu fram svípaðar skemmdir í 6 stöngum til viðbótar auk einnar álagsstangar, en þær höfðu, eins og áður er getið, farið í gegnum nákvæma skoðun erlendu sérfræðinganna.

Um orsök festunnar er helst talið, að æð hafi opnast í botni holunnar, og við það hafi svarf, sem skolast hafði áður inn í efri æðar, streymt vegna þrýstibreytinga til baka inn í holuna og fest strenginn. Á um 1520–1525 m dýpi er borað inn í efri mörk ísúrs/súrs innskots samkvæmt jarðlagamælingu og er vatnsæð líklegast tengd því jarðlagi.

Tafla 4. *Gýrósmælingar í borun.*

Dýpi (m)	Halli (° frá lóðréttu)	Stefna (° frá norðri)
836	31,47	181,0
941	31,32	179,8
1121	31,81	164,7
1179	35,56	177,1
1293	35,46	177,0
1494	36,8	171,7

3. JARÐFRÆÐI, UMMYNDUN OG VATNSÆÐAR

Jarðlög og ummyndun voru greind á grundvelli svarfsýna sem tekin voru af bormönnum á um 2 m fresti. Jarðlagagreining nær niður á um 1140 m dýpi en neðan þess dýpis fengust engin sýni vegna algers skoltaps. Jarðlagagreining er sýnd á mynd 4 ásamt vatnsæðum, borhraða og mælingum á hita, þrýstingi og magni skolvatns. Jarðlögum frá 800 m niður í 1135 m dýpi er skipt í einingar, sbr. 3.1.

3.1. Jarðlagaskipan

Gosberg

Hraunlög "800"-835 m. Á þessu dýptarbili greinast 3 hraunlög og virðast vera aðskilin af þunnum túfflögum. Hraunlögin gætu verið neðsti hluti af hraunlagasyrpu sem nær allt upp á um 730 m dýpi og lýst var í skýrslu um 2. áfanga. Móberg (833-880 m). Móbergið samanstendur að mestu leyti af túffi með slangri af basaltmolum. Litur þess er blágrænn sem bendir til fremur takmarkaðrar ummyndunar efst en verður ljósara og meira ummyndað í neðri hlutanum. Hraunlög 880-940 m. Um er að ræða allt að 4 basalhraunlög. Móberg 940-1047 m. Móbergið er þrískipt; efstu 25 m eru líklegast úr *bólstrabergi*, og er afar sérkennilegt að sjá þar votta fyrir fersku gleri. Næstu rúmu 20 m eru afar fínkorna og fínlagskipt *setlag* úr móbergstúffi. Ummyndun í túffinu er ekki áberandi. Neðstu 35 m myndunarinnar er mjög ljóst *móbergstúff*, og er glerstrúktúr (perlít áferð) áberandi í túffinu. Túffið er sérkennilegt fyrir þær sakir að í því finnast smáar dökkar yrjur, plagióklas listar sem sjást í glerinu sýna straumlögun (flow crystallization), og síðast en ekki síst verður vart við hækkað gammaútslag í jarðlagamælingum á 970-1030 m dýpi. Tilvera ísúrs/súrs túffs á þessum stað í jarðlagastaflanum er merkileg, þar sem það er langt neðan við neðri mörk þess jarðlagastafla sem tilheyrir Hengliseldstöðinni. Hingað til hafa ísúr og súr jarðlög í berggrunni Nesjavalla verið tekin sem innskotsberg. Gera verður nánari könnun á eðli þessa lags í lokaúrvinnslu gagna. Hraunlög 1047-1108 m. Hraunlög taka við neðan móbergsins og er allt að fjögur að tölu, og eru tvö þau efri meðal til grófkorna.

Innskotsberg

Innskot af basaltkyni koma fyrir á fjórum stöðum frá 800-1140 m dýpi í holunni; það fyrsta á um 840, annað á 924-928, þriðja á um 1030-1040 og á 1110-1140 m dýpi virðast vera ein þrjú slík innskot. Nokkur hitaummyndun kemur fram í grannbergi innskotanna á þeim þremur efstu, en það gæti bent til að þau séu berggangar. Líta verður á jarðlagamælingar til að geta sér til um innskot neðan 1140 m dýpis. Þannig virðast koma fram líkleg basaltinnskot á um 1340-1360 m dýpi, en á því dýptarbili er ein af áberandi æðum holunnar. Bergskrokkar með bæði tiltölulega hátt viðnám og nifteindadreifingu auk tiltölulega hárrar gammadreifingar koma fram á um 1140-1160, 1255-1265, 1415-1485, 1525-1540, 1610-1630, og 1660-1680 m dýpi. Vart var við vatnsæðar á sumum þessara dýptarbila, og eru þessi tengsl lektar basalt og ísúr innskota í takt við niðurstöður úr öðrum holum á Nesjavallasvæðinu.



ORKUSTOFNUN
Rannsóknasvið

Borgögn NJ-22 Nesjavellir


10.11.2000

Staður: Nesjavellir
Holunafn: NJ-22


Bor: Jötunn
Dýptarbil: 800-1805 m

Skolvökví: Vatn
Verkhlutí: 3. áfangi

Staðarnúmer: 95022
Starfsmenn: HF/BR



Mynd 4. Jarðlög, vatnsæðar, borhraði og mælingar í borun.



Skýringar við jarðlagasnið

Bergerðir

- Hraunlagakargi
- Basalttúff
- Basaltbreksia
- Glerjað basalt
- Fín-meðalkorna basalt
- Meðal-grófkorna basalt
- Ísúrt dul-meðalkorna berg

Svarf vantar

Innskot

- Innskot
- Hugsanlegt innskot

Vatnsæðar

- Litil æð
- Meðal æð
- Stór æð

Mynd 4. Frh.

3.2. Ummyndun

Ummyndun bergsins er nokkuð breytileg í þessum hluta holunnar. Gosbergið er yfirleitt vel ummyndað, en þó með athyglisverðri undantekningu í bólstraberginu á 940-965 m dýpi. Þar finnst slangur af svartleitu gleri, sem bendir til að það sé nær ferskt, þótt bergið sé töluvert blöðrótt. Einnig er bergið þar aðeins holufyllt til hálf. Túffsetið neðan þess sýnir einnig fremur takmarkaða ummyndun, sem gæti skýrst af því hversu fínkorna og þétt það er. Basaltinnskotin sem holan sker eru einnig mun ferskari en grannbergið, og eru innskotin neðan 1110 m dýpis líklegast það sem kallað hefur verið ferskleg fínkorna basaltinnskot.

Dreifing ummyndunarsteinda er með nokkuð hefðbundnum hætti miðað við aðrar holur á Nesjavöllum. Í svarfinu greindust meðal annars pýrít, epidót, prenit, klórít í flestum sýnum. Kalsít var orðið fáséð í 830 m og telst alveg horfið neðan 850 m dýpis, en það bendir til hita um eða yfir 290°C. Efri mörk wollastonít, sem vitna um 270°C hita finnast á um 850 m dýpi.

Hitaummyndun við jaðra innskota er nokkuð áberandi í holunni, eins og getið var um hér að ofan. Mest ber á oxun, en einnig sjást ummerki magnetíts og svo vottar fyrir grænleitum klínó-pýroxen að minnsta kosti á einum stað.


3.3. Vatnsæðar

Staðsetning vatnsæða er sýnd á mynd 4, og er þar einnig sýnd afstæð stærð þeirra miðað við aðstæður í holunni á meðan og í kjölfar borunar. Æðarnar, sem einna best sjást í hitamælingum, og að hluta til af skoltöpum í holunni, koma fram á eftirfarandi dýpum: (820), (860), (920–925), (950), (1020), (1045), 1075, 1140–1150, (1260), (1325), 1360, 1500–1520, 1555–1560, 1590, 1687, 1735, 1760 og (1770) m. Þær undirstrikuðu teljast áberandi, en þær sem settar eru í sviga teljast óverulegar að stærð. Tæpur helmingur æðanna virðast tengjast á einn eða annan hátt við innskotsberg sem holan sker, og ber sérstaklega að nefna þar ísúr innskot eins og getið var um hér að ofan.

4. BORHOLUMÆLINGAR

Borholumælingar í 3. áfanga eru sýndar í töflu 5, en þær hófust þann 18. september eftir borun steypu og upptekt borstrengs, til að kanna hita og upphitun í holunni áður en bormótor var settur niður. Mælingarnar eru sýndar á mynd 5 og sýna nokkuð jafnan hita frá 200–600 m dýpis (~80°C), þar hitnar rólega niður í ~730 m, en hratt þar fyrir neðan. Upphitnunin var um 8°C/klst, og virðist nokkuð jöfn í allri holunni.

Í 3. áfanga var fylgst grannt með stefnu holunnar, og voru gerðar allmargar gýró-mælingar í áfanganum, þangað til borstrengur festist á 1523 m dýpi. Eru þessar mælingar sýndar í töflu 4 hér að framan. Eftir borun holunnar í 1805 m, var síðan gerð samfelld gýró-mæling (G2) þann 5. október og eru niðurstöður hennar sýndar á mynd 6 og í töflu 6 í viðauka 1. Má þar sjá að holan liggur ofar en áætlað var og stefna hennar er aðeins vestan við upphafleg áform.




Mynd 5. Hitamælingar þann 18. sept., fyrir niðurstetningu bormótors.

Tafla 5. Yfirlit borholumælinga.

Dags.	Tími	Mæling	Dýptarbil	Tilgangur	Skrá	Athugasemdir
18-09-2000	22:06-22:31	Hiti	10-784	Upphitun	H200009182206	E. borun steypu.
18-09-2000	22:32-23:05	Hiti	750	Upphitun	T200009182232	E. borun steypu.
18-09-2000	23:06-23:32	Hiti	775-7	Upphitun	H200009182306	E. borun steypu.
20-09-2000	00:00-01:10	Gýró	836	Stefna		I=31,47° ; Az=181,0°
20-09-2000	13:00-14:10	Gýró	941	Stefna		I=31,32° ; Az=179,8°
21-09-2000	11:00-12:30	Gýró	1121	Stefna		I=31,81° ; Az=164,7°
21-09-2000	21:30-22:50	Gýró	1179	Stefna		I=35,56° ; Az=177,1°
22-09-2000	11:45-12:50	Gýró	1293	Stefna		I=35,46° ; Az=177,0°
23-09-2000	10:30-12:00	Gýró	1494	Stefna		I=36,8° ; Az=171,7°
25-09-2000	09:50-10:18	Hiti	2-844	Upphitun	H200009250950	Í stöngum, Q=0 l/s
25-09-2000	10:26-10:48	Hiti	830-1490	Æðar	H200009251026	Í stöngum, Q=-43 l/s
25-09-2000	11:07-11:30	Hiti	1490-787	Æðar	H200009251107	Í stöngum, Q=-25,6 l/s
25-09-2000	11:30-12:00	Hiti	787-1490	Æðar	H200009251130	Í stöngum, Q=-25,6 l/s
25-09-2000	12:06-12:51	Hiti	1490-15	Æðar	H200009251206	Í stöngum, Q=-25,6 l/s
01-10-2000	00:36-01:31	Hiti	50-1500	Æðar	H200010010036	Q=-29,5 l/s, e. losun fisks.
01-10-2000	01:32-01:37	Hiti	1400-1500	Botn	H200010010132	Q=-29,5 l/s, ath. botn.
01-10-2000	02:24-02:55	Þrýstingur	50-950	Vatnsborð	P200010010224	Q=-29,5 l/s, vb~220 m.
01-10-2000	03:08-04:25	Þrýstingur	790	Þrepapróf	P200010010308	Q breytt úr -29,5 í -52 l/s.
01-10-2000	04:25-05:35	Þrýstingur	790	Þrepapróf	P200010010425 P200010010429	Q breytt úr -52 í -34 l/s.
01-10-2000	05:45-06:16	Hiti	790-1500	Æðar	H200010010545	Q=-49 l/s.
01-10-2000	06:33-06:57	Þrýstingur	900-200	Vatnsborð	P200010010633	Q=-49 l/s, vb~220 m.
01-10-2000	07:16-07:25	Þrýstingur	790	Þrepapróf	P200010010716	Q=-49 l/s. Athugun á ástandi holu.
05-10-2000	13:00-13:47	Hiti	30-1785	Æðar	H200010051300	Í stöngum, Q=-40 l/s
05-10-2000	13:48-14:15	Hiti	1785	Upphitun	T200010051348	Í stöngum, Q=-40 l/s
05-10-2000	14:15-14:51	Hiti	1787-780	Æðar	H200010051415	Í stöngum, Q=-40 l/s
05-10-2000	15:05-15:13	Hiti	150-470	Vatnsborð	H200010051505	Í stöngum, Q=-40 l/s vb ~390 m
05-10-2000	15:45-17:45	Gýró	680-1780	Stefna		Samfelld mæling (G2)
06-10-2000	08:45-09:30	Hiti	50-1805	Æðar	H200010060845	
06-10-2000	11:28-13:53	Nifteindir	1805-780	Jarðlög	N200010061128 N200010061314	
06-10-2000	11:28-13:53	Gamma	1805-780	Jarðlög	G200010061128 G200010061314	
06-10-2000	15:12-16:30	Vidd XY	1800-600	Holuvidd	X200010061512 Y200010061512	
06-10-2000	18:01-18:25	Viðnám	1800-794	Jarðlög	L200010061801 S200010061801	
06-10-2000	18:01-18:25	Sjálfpenna	1800-794	Jarðlög	S200010061801	Stílt á 16" skaut
07-10-2000	16:10-17:00	Þrýstingur	0-761	Þrýstiástand	P200010071610	Q=-41 l/s. Mælir settist á leiðara.
07-10-2000	18:10-18:58	Þrýstingur	0-1525	Þrýstiástand	P200010071810	
07-10-2000	18:58-19:14	Hiti	1525-1783	Æðar	H200010071858	
07-10-2000	19:14-19:26	Þrýstingur	1780-1530	Þrýstiástand	P200010071914	
07-10-2000	19:26-19:41	Þrýstingur	1530	Þrepapróf	P200010071926	Q=-40,8 l/s
07-10-2000	19:41-21:30	Þrýstingur	1530	Þrepapróf	P200010071941	Q breytt úr -40,8 í -28,6 l/s
07-10-2000	21:30-23:20	Þrýstingur	1530	Þrepapróf	P200010072130	Q breytt úr -28,6 í -44,4 l/s
07-10-2000	23:20-00:35	Þrýstingur	1530	Þrepapróf	P200010072320	Q breytt úr -44,4 í -59,2 l/s
08-10-2000	00:38-01:10	Þrýstingur	1530	Þrepapróf	P200010080038	Frh. af síðustu mæl.
08-10-2000	01:11-01:39	Hiti	1530-800	Æðar	H200010080111	Q= -59,2 l/s
08-10-2000	01:40-02:01	Þrýstingur	800-300	Þrýstiástand	P200010080140	Q=-59,2 l/s

Mynd 6. Lega hola NV-22 skv. G2-gyromælingum. Nedsta mæligildi er framlengt til 1800 m dýpis.




Eins og fyrr segir festist borstrengur eftir gýrómælingu þann 23. september, þegar bordýpi holu var 1523 m. Næstu mælingar í holunni voru hitamælingar að morgni 25. september, til að reyna að átta sig á ástandi holu. Þessar hitamælingar eru sýndar á mynd 7, en þær sýna vatnsborð á um 436 m þegar engin ádæling er og hitnar þá fljótt neðan vinnslufóðringar. Í mælingunni milli kl. 10:26 og 10:48 ($Q=-43$ l/s) er bæði dælt utan með borstreng og gegnum hann, en í mælingunum þar á eftir ($Q=-25,6$ l/s) er dælingu gegnum borstreng hætt. Utanádælingin virðist ekki fara niður fyrir ~1360 m, og líklega hefur lítið af dælingu gegnum streng skilað sér upp fyrir festuna. Nokkrar vatnsæðar neðan 850 m mátti greina, sjá kafla 3.3 um vatnsæðar. Frekari umfjöllun um festuna er í kafla 2.3 hér að framan.

Borstrengur náðist síðan úr holu, eftir fiskun, rétt fyrir miðnætti þann 30. september, og þá var ákveðið að hitamæla holuna og reyna einnig að fá mat á lekt hennar. Þær mælingar voru gerðar aðfaranótt 1. október og eru sýndar á mynd 8. Þar sjást greinilega nokkrar æðar neðan vinnslufóðringar (sjá kafla 3.3, um vatnsæðar). Þrýstingur var einnig mældur, bæði sem fall af dýpi (sjá mynd 9) og einnig á 790 m dýpi við breytilega ádælingu (sjá mynd 10). Þrýstimælingarnar sýna að vatnsborð var nálægt 220 m, hvort sem ádælingin var 29,5 l/s eða 49 l/s, auk þess sem þrýstingur var mjög fljótur að ná jafnvægisástandi eftir að ádælingu var breytt og virðist það vera óháð ádælingunni.


Næstu mælingar voru síðan gerðar 5. október þegar holan var 1805 m djúp, til að fá mat á æðar í neðri hluta holunnar, og átti að meta út frá því hvort borað yrði dýpra. Hitamælingarnar eru sýndar á mynd 11 og má þar greinilega sjá að æðar eru til staðar neðan 1700 m dýpis og var því ákveðið að halda ekki áfram borun holunnar. Að hitamælingunum loknum var gerð samfelld gýrómæling (G2) og eru niðurstöður hennar sýndar á mynd 6.

Eftir upptekt borstrengs hófust síðan jarðlagamælingar, sem byrjuðu með hitamælingu kl. 08:45 þann 6. október. Eftir hitamælinguna voru nifteindir og náttúruleg gamma-geislun mæld, næst var vídd holunnar mæld með XY-víddarmæli, og að lokum var viðnám og sjálfspenna mæld. Allar þessar mælingar eru sýndar á mynd 12. Hitamælingin sýnir æðarnar neðan fóðringar ágætlega (sjá kafla 3.3 um vatnsæðar). Samkvæmt víddarmælingunum er holan að mestu slétt, en örlítið sporvölulaga, helst að hún sýni aukna vídd rétt neðan við fóðringarendann. Viðnám, sjálfspenna, nifteindir og gamma sýna vel jarðlagaskipan í holunni, en í gammamælingunni má sjá aukna geislun (venjulega tengt súru bergi) á 970–1030 m, 1140–1160 m, 1255–1265 m, 1415–1485 m, 1525–1540 m, 1610–1630 m og á 1660–1680 m dýpi. Frekari úrvinnsla á þessum mælingum bíður áfangaskýrslu.


Mælingum í 3. áfanga lauk síðan með þrepaprófun 7.–8. október, og er fjallað um þær í næsta kafla.




Mynd 7. Hitamælingar í stöngum 25. sept. 2000, fyrir losun.




Mynd 8. Hitamælingar eftir losun borstrengs.




Mynd 9. Þrýstimælingar eftir losun borstrengs.



Mynd 10. Þrýstijöfnun á 790 m dýpi, mælt 1. október eftir losun borstrengs.



Mynd 11. Hitamælingar í stöngum 5. október þegar bordýpi var 1805 m.



Mynd 12. Jarðlagamælingar.


5. ÞREPAPRÓFUN

Niðursetningu raufaðs leiðara var lokið um kl. 10 að morgni laugardags 7. október 2000. Stangir voru teknar upp og sleppistykki leiðara losað af. Undirbúningur að þrepadælingu var síðan hafinn og settar niður opnar stangir niður á um 516 m dýpi, eða vel niður fyrir lægstu vatnsborðsstöðu sem vænta mátti í þrepaprófuninni. Þessu var lokið upp úr kl. 14 og holan þá tilbúin fyrir þrepaprófun. Dýpistölur miðast við drifborð Jötuns og eru mældidýpi, en holan er stefnuboruð með halla allt að 36° og raundýpi því minna. Meðan leiðari var settur í holuna var dælt á hana um 40 l/s og hafði sú dæling verið stöðug í um hálfan sólarhring. Smávægileg truflun var á ádælingu skömmu fyrir mælingar þegar skipt var milli bordæla og er hreyfa þurfti borspilið aðeins.


Smá vandamál voru með glussakerfi fyrir kapalspil mælingarbíls, en eftir athugun var byrjað á að mæla þrýstingsstigul niður holuna. Þegar mælir lenti á upphengju leiðara á 757 m vildi hann ekki dýpra hvernig sem reynt var (mynd 13). Mælir var þá tekinn upp og náð í miðjustilli fyrir hann. Upp úr kl. 18 var aftur byrjað að mæla þrýstingsstigul niður holuna og varð hengistykkið nú engin fyrirstaða. Þrýstingsstigull var mældur niður á 1525 m, en þar skipt yfir í hitamælingu sem mæld var niður að enda leiðara á 1785 m. Þrýstingsstigull var svo mældur frá enda leiðara og upp á 1530 m þar sem mælir var látinn vera í þrepaprófuninni. Eftir þrepaprófunina var þrýstingsstigull mældur upp frá 800 m til að fá samanburð á vatnsborði fyrir mismunandi ádælingu. Mældir þrýstingsstiglar eru sýndir á mynd 13. Á myndinni má sjá ýmislegt óvenjulegt. Þannig var vatnsborð á 206 m er fyrsti stigull var mældur eftir smávægilega truflun á ádælingu, á 299 m við sömu ádælingu tveim tímum síðar og á 357 m við mestu ádælinguna. Þegar þrýstingsstigullinn er skoðaður betur sést að á dýptarbilinu 750–1050 m er stigullinn truflaður af lofti/gasi og vatnssúlunni því lyft ofan 1050 m dýpis. Við það að dæling var minnkuð í nokkrar mínútur skömmu fyrir byrjun fyrstu mælingar hefur vatnssúlan í efsta hluta holunnar náð að lyftast hærra upp. Reikna má með að allir stíglarnir í efsta hluta holunnar séu mismikið truflaðir af loft/gas-blöndun vatnssúlunar og sýni því ekki raunvatnsborð (þrýsting) í jarðhitakerfinu.

Hitamælingarnar sem gerðar voru fyrir og eftir þrepaprófunina eru sýndar á mynd 14. Mælingin úr dýpri hluta holunnar sýnir eina af aðalvatnsæðum holunnar á um 1755 m. Ofar sjást vatnsæðar á um 810 m, 920 m, 1020 m, 1075 m, og 1140 m. Eitthvert rennsli virðist vera inn í holuna úr æðunum á 1075 m og 1140 m, en minna úr efri æðunum og jafnvel skoltap til æðarinnar á 810 m. Við 59,2 l/s ádælingu gæti innrennslið úr þessum tveim æðum verið af stærðargráðunni 5–6 l/s eða um 10% af ádælingunni. Vatn úr þessum æðum bætist svo við ádælinguna og tapast að einhverju leyti út í æð á um 1580 m, en aðallega í æðina á 1755 m.

Þrýstinemanum var valinn staður á 1530 m fyrir þrepadælinguna. Þar var neminn á dýpi þar sem vatnsæðar tóku við ádælingunni og talið að hiti myndi ekki breytast mikið meðan á prófuninni færi fram. Þrýstineminn var kl. 19:26 á 1530 m og var látinn jafna sig þar í um 15 mínútur við 40,8 l/s ádælingu. Byrjað var á að minnka ádælinguna í 28,6 l/s og haldið þannig í tæpar 2 klukkustundir. Síðan var ádæling aukin í 44,4 l/s og haldið þannig í tæpar 2 klukkustundir. Í þriðja og síðasta dæluprepinu var ádæling aftur aukin í 59,2 l/s, eða álíka magn og fékkst örugglega að bornum, og haldið þannig út prófunina. Gangur þrepaprófunarinnar er sýndur á mynd 15, en öllum mælingum í þessum áfanga var lokið upp úr kl. 2 aðfaranótt 8. október.




Mynd 13. Þrýstimælingar með dýpi fyrir þrepaprófun.



Mynd 14. Hitamælingar fyrir og eftir þrepaprófun.


Nesjavellir hola NV-22

Gangur þrepaþrófunar




Mynd 15. Gangur þrepaþrófunar, ádæling, hiti og þrýstingur.

Mynd 16 sýnir þrýstinginn og mynd 17 þrýstingsbreytinguna fyrir hvert dæluprepi. Á myndunum sést að viðbrögð vatnskerfisins eru eðlileg fyrstu 10–15 mínúturnar í hverju þrepi, en síðan á sér stað einhver breyting sem erfitt er að skýra. Ljóst er að breytingin stafar af millirennslinu og eiginleikum botnæðarinnar (1755 m). Botnæðin virðist tengd vatnskerfi sem leitast við að halda nokkurn veginn stöðugum þrýstingi og gæti því verið í tveggja fasa ástandi og jafnvel nærri gufufasa. Þegar ádælingunni er breytt skynja ytri randskilyrði botnæðarinnar ekki breytinguna strax og við sjáum þrýstingsbreytingar í holunni eins og búast má við. Eftir stuttan tíma (6–10 mínútur) nær breytingin ytri skilyrðum botnæðarinnar og þau fara að aðlaga sig að breytingunni. Við minni ádælingu færast randskilyrðin, sem vilja halda nær stöðugum þrýstingi í botnæðinni, nær holunni og fjær við meiri ádælingu. Lekt botnæðarinnar er því greinilega mjög mikil. Á sama tíma eru æðarnar sem gefa inn í holuna að stilla sig að nýju jafnvægi. Fyrir minni ádælingu gefa þær meira inn í holuna og vatnssúlan hitnar. Hegðun þrýstingsbreytinganna er því of trufluð til að hægt sé að nota einfölduð líkön til að reikna einkennisstuðla fyrir jarðhitakerfið við holu NV-22. Vegna truflana og nálgunar að stöðugum þrýstingi voru dæluprepin einnig höfð styttri en venja er í þrepaþrófun.



Mynd 16. Þrýstingur í þrepaprófun á 1530 m dýpi.




Mynd 17. Þrýstingsbreyting í þrepaprófun á 1530 m dýpi.

Á mynd 18 hefur breytingu ádælingar verið deilt í þrýstingsbreytinguna og breytingin þannig stöðluð sem breyting fyrir einn sekúndulítra. Þannig er auðvelt að bera saman gæfni einstakra holna. Á myndinni sést að þrýstingsbreytingin í hola NV-22 er um 0,1 bar (1 m) á sekúndulítrann. Í raun er þessi tala lægri fyrir alla holuna því í prófuninni var það aðallega botnæðin sem var virk og æðarnar er gáfu inn í holuna fyrir utan matið. Auk þess er ekki tekið tillit til þess vatnsmagns sem þær æðar gáfu inn í holuna. Hegðun holu NV-22 líkist nokkuð hegðun holu NV-19 við þrepaprófuninni og er breyting einingarþrýstings svipuð í báðum. Í báðum holunum er einingarþrýstingur að breytast um og innan við 0,1 bar á sekúndulítrann. Til samanburðar var breyting einingarþrýstings fyrir holu NV-20 tæp 0,2 bar/(l/s). Lekt við holu NV-22 ætti því að samsvara lekt við holu NV-19, en hún var metin með hvað mesta lekt holna á Nesjavöllum.

Orkustofnun
Borholumælingar

Ómar 16-10-2000



Mynd 18. Einingarþrýstingur við breytilega ádælingu í þrepaprófun á 1530 m dýpi.

6. HEIMILDIR

Ásgrímur Guðmundsson og Hjalti Franzson 2000. Forborun holu NJ-22 á Nesjavöllum. Orkustofnun, greinargerð ÁsG-HF-00/03, 5 s.

Benedikt Steingrímsson, Hjalti Franzson, Kristján Sæmundsson og Sverrir Þórhallsson 2000. Holur NJ-21 og NJ-22. Forsendur fyrir staðsetningu og hönnun holnanna. Orkustofnun, greinargerð BS/HF/KS/SÞ-00/01, 16 s.

VIÐAUKI 1

Samfelldar gýrómælingar frá Halliburton/Sperry-Sun, mældar 5. október með G2 gýró-
mæli innan í borstreng, frá 680m til 1780 m dýpis.

Tafla 6. Samfelldar gýrómælingar með G2 mæli. Færsla eftir sniði er reiknuð eftir
línu sem stefnir 180° frá N.

Mældýpi (m)	Halli (° frá lóðréttu)	Stefna (° frá norðri)	lóðrétt dýpi (m)	Færsla N-S (m)	Færsla A-V (m)	Færsla e. sniði (m)	Dog leg (°/30m)
680	22.99	181.25	672.57	61.56 S	11.31 V	61.56	0.00
720	27.48	178.98	708.74	78.61 S	11.32 V	78.61	3.44
730	28.96	178.09	717.56	83.33 S	11.19 V	83.33	4.62
740	29.81	177.51	726.27	88.24 S	11.01 V	88.24	2.69
750	30.37	177.24	734.92	93.24 S	10.78 V	93.24	1.73
760	30.78	177.21	743.53	98.32 S	10.53 V	98.32	1.23
770	31.12	177.11	752.11	103.46 S	10.27 V	103.46	1.03
780	31.16	177.09	760.67	108.63 S	10.01 V	108.63	0.12
790	31.12	176.98	769.23	113.79 S	9.75 V	113.79	0.21
800	30.86	176.70	777.80	118.93 S	9.46 V	118.93	0.89
810	31.04	176.55	786.37	124.07 S	9.16 V	124.07	0.59
820	31.23	176.47	794.93	129.23 S	8.84 V	129.23	0.58
830	31.26	176.47	803.48	134.40 S	8.53 V	134.40	0.09
840	31.27	176.66	812.03	139.58 S	8.21 V	139.58	0.30
850	31.47	176.52	820.57	144.78 S	7.90 V	144.78	0.64
860	31.33	176.31	829.10	149.98 S	7.58 V	149.98	0.53
870	31.47	176.45	837.64	155.18 S	7.25 V	155.18	0.47
880	31.38	176.37	846.17	160.38 S	6.92 V	160.38	0.30
890	31.42	176.64	854.71	165.58 S	6.61 V	165.58	0.44
900	31.40	175.80	863.24	170.78 S	6.26 V	170.78	1.31
910	31.39	176.21	871.78	175.98 S	5.90 V	175.98	0.64
920	31.38	175.74	880.32	181.18 S	5.53 V	181.18	0.73
930	31.34	175.93	888.86	186.37 S	5.16 V	186.37	0.32
940	31.40	175.27	897.39	191.56 S	4.76 V	191.56	1.05
950	31.40	175.57	905.93	196.75 S	4.34 V	196.75	0.47
960	31.44	175.24	914.46	201.95 S	3.92 V	201.95	0.53
970	31.61	175.19	922.99	207.16 S	3.49 V	207.16	0.52
980	31.67	175.19	931.50	212.38 S	3.05 V	212.38	0.18
990	31.52	175.08	940.02	217.60 S	2.60 V	217.60	0.48
1000	31.64	175.11	948.54	222.82 S	2.15 V	222.82	0.36
1010	31.52	175.02	957.06	228.04 S	1.70 V	228.04	0.39
1020	31.57	174.83	965.58	233.25 S	1.24 V	233.25	0.33
1030	31.43	174.87	974.11	238.45 S	0.77 V	238.45	0.42
